


Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benediksdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Tónlistarstefnur í Bandaríkjunum - efsta stig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Tónlistarstefnur í Bandaríkjunum felur í sér vinnu nemenda við að kynna sér og öðrum tónlistarstefnu og uppruna hennar.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Enska ○ Samfélagsfræði ○ Tónmennt ○ Upplýsingatækni 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Veraldarvefurinn ○ Bækur ○ Násgögn eru listuð fyrir hverja kennslustund. 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ greint og fjallað um upplýsingar á kortum. ○ fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. ○ tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. ○ aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. ○ vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausari og réttsýnan hátt. ○ sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. ○ flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra ○ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls.101-228). 	<p>Afurðin er í formi veggspjalds og 10 mínútna kynningu þar sem hver nemendahópur kynnir sína tónlistarstefnu.</p> <p>Námsmatið er í formi umsagnar kennara og einkunnar. Heppilegt væri að verkefnið gildi 20-30% af lokaekinnun.</p> <p>Gæti skipst svona niður: Ígrundunarblað frá nemendum 20% Kynning 30% Veggspjald 30% Vinna í tímum 20%</p>	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Þátttaka í samstarfi og samræðu í jafningjahópi ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 97-95).</p>

Nánari útlitun á kennsluáætluninni „Tónlistarstefnur í Bandaríkjunum“.

Verkefnið snýst um að nemendur kynnist mismunandi tónlistarstefnum í Bandaríkjunum. Í verkefninu samþættast námsgreinarnar enska, samfélagsfræði, tónmennt og upplýsingatækni. Erlend tungumál eru einmitt vel til þess fallin að samþætta öðrum námsgreinum líkt og kemur fram í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013, bls.132). Kjörið væri að kennarar mismunandi greina myndu vinna saman og sjá um mismunandi þætti. Kennari í samfélagsfræði gæti haft yfirumsjón með kennslustundum 1 og 2. Kennari í ensku myndi svo taka við umsjóninni og fá með sér í lið kennara í upplýsingartækni og tónmennt. Tónmenntakennari gæti auk annars aðstoðað nemendur við að æfa lag til að flytja á kynningunni.

Í upphafi er 80 mínútna kannslustund sem ætluð er til að vekja áhuga nemenda á komandi verkefni. Nemendurnir fá síðan þrjár 80 mínútna kennslustundir til þess að vinna með textann sem á að koma fram á plakatinu. Að lokum er ein 80 mínútna kennslustund þar sem nemendur kynna afurðina sína en hver hópur fær til þess 10 mínútur. Upplýsingarnar finna þeir að mestu á veraldarvefnum og er heppilegt að nota tölvu eða spjaldtölvu til heimildaleitar. Ætlast er til þess að nemendur handskrifni textann á plakatið eða endurskrifi í tölvu, þannig þjálfast þeir í ritun. Allt það sem nemendur skila af sér á að vera á ensku það er textinn sem þeir lesa, skrifa og flytja. Allar kennslustundirnar einkennast af mjög sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda. Sjálfstæði og samvinna er hluti af lykilhæfni sem nemandi þarf að öðlast samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013, bls.89). Svona vinna er hentug til að þjálfna nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum þar sem þau þurfa að taka ábyrgð á eigin verkefni.

1.-2. kennslustund

Kveikja: Dreifa korti af Bandaríkjunum (sjá fylgiskjal 1). Kennari spilar sjö lög fyrir nemendur. Verkefni nemenda er að hlusta á lögina sem kennari hefur valið og skrifa borgirnar sem nefndar eru í þeim neðst á kortablað (sjá fylgiskjal 1). Nemendur spreyta sig á að staðsetja borgirnar sjö á landakort af Bandaríkjunum en lögina eru sjö og nafn borgar kemur fram að minnsta kosti einu sinni í hverju þeirra.

Hér þarf kennarinn að hafa í huga hvort hann vill ritskoða tónlistarmyndböndin, ekkert af þeim eru sérstaklega gróf og þau talin venjuleg í heimi tónlistarmyndbanda. Það þarf ekki endilega að sýna myndböndin, nóg er að hlusta á lögin.

Lögin eru á youtube:

Katy Perry - California Gurls ft. Snoop Dogg

<https://www.youtube.com/watch?v=F57P9C4SAW4>

Washington, D.C. - The Magnetic Fields

<https://www.youtube.com/watch?v=UYLLNhTiQZc>

Jay-Z feat Alicia Keys -- New York

<https://www.youtube.com/watch?v=WZOVs13TyDo>

Seattle by Perry Como

<https://www.youtube.com/watch?v=0cMD3LWUwD8>

Will Smith - Miami

https://www.youtube.com/watch?v=IwBS6QGSH_4

Lynyrd Skynyrd - Sweet Home Alabama

<https://www.youtube.com/watch?v=5MhOZt5-Jl8>

Katy Perry - Waking Up In Vegas

<https://www.youtube.com/watch?v=1-pUaogoX5o>

Gaman er að tengja frægan tónlista- eða listamann við hverja borg og höfða þannig til þekkingar og áhuga nemendanna. Hér er tilvalið að varpa kortinu upp á töflu og fara aðeins yfir landafræði. Hvar er austurströndin til dæmis og hvar eru suðurríki Bandaríkjana? Þetta gæti kennari í samfélagsfræði til dæmis fjallað ýtarlega um ef samvinna er til staðar á milli kennara.

Þankhríð: er næsta skref þar sem kennarinn skrifar upp á töflu allt það sem nemendum dettur í hug þegar Bandaríkin eru nefnd.

Útlistunarkennsla: kennari flytur stuttan glærufyrirlestur um Bandaríkin (sjá fylgiskjal 2).

Spurningakeppni: (sjá fylgiskjal 3) / nemendum er skipt í tvö lið. Spurningar úr kynningunni. Nemendur taka þátt í spurningakeppni og svara spurningum.

Kennari dregur saman það sem nemendur eiga að kunna eftir þennan tíma og kynnir komandi verkefni. Bandarísk tónlistasaga.

Námsgögn:

kort af Bandaríkjunum

lög af youtube

skriffæri

spurningalisti

3.-4. kennslustund

Kennari kynnir tónlistar hópverkefnið. Nemendahópnum er skipt upp í 6 hópa eftir 6 tónlistastefnum (rokk, popp, hip hop, blús/jazz, diskó/fönk og kántrý). Heppilegt er að hafa 4 saman í hóp í þessu verkefni. Nemendur fá blað um það hvað á að koma fram í kynningunni (sjá fylgiskjal 4) og kennari útskýrir ígrundunarblaðið (sjá fylgiskjal 5). Þar eiga nemendur að skipuleggja eigið nám og æfast þannig í að vera sjálfstæðir námsmenn. Hér ræðir kennari við nemedur um námsmat verkefnisins og hvernig því verði háttað.

Verkefnið gildir 30% af heildareinkunn og skiptist svona niður:

Ígrundunarblað frá nemendum 20%

Kynning 30%

Veggspjald 30%

Vinna í tímum 20%

Kennari fær einn úr hverjum hópi til þess að draga tónlistarstefnu. Hver hópur fær spjaldtölvu til afnota til heimildaleitar. Nemendur leita af upplýsingum um þá tónlistarstefnu sem þeir eiga að fjalla um. Geta þeir notað spjaldtölvur til þess að leita að efni á veraldarvefnum einnig er hægt að fara á bókasafnið eða afla upplýsinga á annan hátt.

Námsgögn:

Fylgiskjal 4

Fylgiskjal 5

Spjaldtölvur

5.-6. kennslustund

Kennari útskýrir viðfangsefni dagsins. Nemendur halda áfram í heimildaleit og byrja á veggspjaldi. Kennari rifjar upp fyrirmælin og segir nemendum frá kynningunni, hvernig og hvenær hún fer fram.

Nemendur vinna sjálfstætt. Í lokin meta þeir vinnu tímans á ígrundunarblaði (sjá fylgiskjal 4) og skipuleggja næsta tíma og skrá á ígrundunarblaðið.

Námsgögn:

lituð karton fyrir plaköt

lituð blöð

skæri, lím, litir

7.-8. kennslustund

Vinnustundir í verkefni. Kennari aðstoðar nemendur eftir þörfum. Kennari segir frá matinu á kynningunni, fyrir hvað er gefið.

Nemendur vinna sjálfstætt, ljúka við plakatið og undirbúa kynninguna. Í lokin meta þeir vinnu tímans og skipuleggja næstu kennslustund og skrá á ígrundunarblaðið (sjá fylgiskjal 4).

Námsgögn:

lituð karton fyrir plaköt

lituð blöð

skæri, lím, litir

9-10 kennslustund

Nemendur fá smástund í upphafi tímans til að undirbúa kynninguna.

Hver hópur fær 10 mínútur fyrir sína kynningu, kynningin skal fara fram á ensku og nemendur eru með veggspjaldið sitt og lesa textann sem fram kemur á því. Nemendur eru hvattir til að sýna eða flytja tónbrot frá sinni tónlistarstefnu.

Heimildaskrá:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjal 1

1. Skriðu neðst á blaðið þær borgir sem koma fram í lögunum.
2. Merkið inn á kortið hvar borgirnar eru staðsettar.



Fylgiskjal 2 - Glærusýning um Bandaríkin.

Hér eru hugmyndir að efni sem kennari gæti nýtt í kynningarfrirlestur um Bandaríkin.

Bandaríkin



- Í bandaríska fánanum eru 50 stjörnur, hver stjarna táknar eitt fylki Bandaríkjanna.



- Höfuðborg Bandaríkjanna er Washington D.C.
- Forseti Bandaríkjanna er Barack Obama, fyrsti svarti forseti landsins.


- Þriðja stærsta land í heimi miðað við íbúafjölda.
- Tæplega 316.000.000 manns búa í Bandaríkjunum.
- Bandaríkin samanstanda af 50 ríkjum.
- Kanada og Mexíkó liggja við landamæri Bandaríkjanna.

- Rapparinn **Jay Z** fæddist í Brooklyn, New York.



- Söngvarinn **Enrique Iglesias** ólst upp í Miami, Florida.

- Söngkonan **Katy Perry** er fædd í Los Angeles, Kaliforníu.



- Hljómsveitin **Nirvana** var stofnuð í Seattle, Washington.

- Leiknonan **Katherine Heigl** er fædd í Washington D.C.



- Íslandsvinurinn og söngvarinn **Frank Ocean** ólst upp í New Orleans, Louisiana.

Sturlaðar staðreyndir um Bandaríkin

- Í Californíu hafa verið gefin út 6 ökuskirteini undir nafninu Jesus Christ.
- Það eru 1575 þrep uppá efstu hæð í Empire State byggingunni.
- Marilyn Manroe var með 6 tær á vinstri fæti.
- Í Los Angeles eru fleiri bílar en fólk.
- Einungis 55% Bandaríkjamanna vita að sólin er stjarna.
- ¼ hluti Bandaríkjamanna vita ekki í hvaða stjörnumerki þeir eru.
- Þriðja hver kú í Bandaríkjunum endar sem McDonalds hamborgari.

- Margir telja að Blues tónlist sé upprunin í Suðurríkjum Bandaríkjanna: Mississippi, Alabama og Louisiana.
- Hip Hop kom fyrst fram í Bronx, úthverfi New York árið 1970.

- Söngkonan **Celine Dion** fékk viðurnefnið drottning Las Vegas eftir að hafa komið þar fram 717 sinnum á árunum 2003-2007.




Fylgiskjal 3

Spurningakeppni

1. Hver er höfuðborg Bandaríkjanna ?
Washington D.C.
2. Hvað eru margar stjórnur í bandaríska fánanum og hvað tákna þær ?
50, fylkin.
3. Hvar er Jay Z fæddur ?
Brooklyn, New York.
4. Hvað búa margir í Bandaríkjunum ?
Tæplega 316.000.000
5. Í hvaða borg Bandaríkjanna eru fleiri bílar en fólk?
Los Angeles
6. Í hvaða hverfi/ borg varð hip hop til ?
Bronx, New York.
7. Hvar ólst Enrique Iglesias upp ?
Miami, Florida
8. Hvaða lönd eiga landamæri að Bandaríkjunum ?
Kanada og Mexíkó
9. Hvaða íslandsvinur kemur frá New Orleans ?
Franc Ocean
10. Hversu mörg þrep eru upp á efstu hæð í Empire State byggingunni?
1575 þrep
11. Nefnið 3 fylki í Bandaríkjunum ?
Florida, Louisiana, New York, California, Washington, Nevada.
12. Hvar fæddist söngkonan Katy Perry?
Los Angeles, California
13. Hvar var hljómsveitin Nirvana stofnuð ?
Seattle, Washington.
14. Hvað heitir forseti Bandaríkjanna ?
Barack Obama

Fylgiskjal 4

Hópverkefni um tónlistarstefnur



Verkefnið ykkar er að fjalla um þá tónlistarstefnu sem þið fenguð úthlutað. Útbúið veggspjald þar sem helstu þættir tónlistarstefnunnar eru kynntir. Verkefnið skiptist í tvo hluta: veggspjald og kynningu á tónlistarstefnunni.

Skoðið vel eftirfarandi:

- Hver er uppruni tónlistarstefnunnar? Hvar liggja rætur hennar?
- Hvað einkennir tónlistastefnuna?
- Er einhver sérstök menning sem tengist tónlistarstefnunni?
- Eru einhver mismunandi afbrigði af tónlistarstefnunni?
- Hvernig hefur stefnan þróast í gegnum tíðina?
- Texti og textagerð, eru ákveðin einkenni sem einkenna byggingu texta tónlistarstefnunnar? Eru löggin um ákveðið viðfangsefni?
- Hvaða hljóðfæri eru einkennandi fyrir tónlistina í þessum stíl?
- Nefnið fræga tónlistarmenn sem eru tengdir þessari tónlistarstefnu. Hvaða tónlistarmenn voru fyrst þekktir fyrir stílinn og hvaða tónlistarmenn eru þekktir í dag?

Kynning:

Hver hópur fær 10 mínútur til þess að kynna sína tónlistarstefnu, sýna plakatið og útskýra. Einnig er tilvalið að spila eða flytja lög sem eru einkennandi fyrir tónlistarstefnuna. Kynningin skal vera á ensku.



Fylgiskjal 5

Ígrundun - verkefni um tónlistarstefnur

Hópur:

Nöfn:

Vinnutími 1

Hvernig gekk vinnan við verkefnið í dag?

Verkaskipting dagsins:

Í næsta tíma ætlum við að:

Vinnutími 2

Hvernig gekk vinnan við verkefnið í dag?

Verkaskipting dagsins:

Í næsta tíma ætlum við að:

Vinnutími 3

Hvernig gekk vinnan við verkefnið í dag?

Verkaskipting dagsins:

Í næsta tíma ætlum við að:

Kynning


Hvernig fannst ykkur kynningin á verkefninu ganga?

Yfir heildina litið, hvernig fannst ykkur þetta verkefni um tónlistarstefnur?

Hvað lærðuð þið af verkefninu?

Skilaboð til kennara:

Fylgiskjal 6
Sýnishorn af afurð:



Fylgiskjal 7

Sýnishorn af ígrundunarblaði :

Runa Öggy 3-L 21

Ígrundun

Verkefni um tónlistarstefnur

Hópur/nöfn: Runa og Heba 3L

3.mars, mánudagur.

Hvernig gekk vinnan við verkefnið í dag?

Bara mjög vel, við klárðum textann.

Verkskipting dagsins:

Heba: 4 atriði + 2 myndir
Runa 4 atriði + 2 myndir

Í næsta tíma ætlum við að:

Setja þaggarit saman og líma textan á.

4.mars, þriðjudagur

Hvernig gekk vinnan við verkefnið í dag?

Mjög vel

Verkskipting dagsins:

Við lúndum á þaggarit og klárðum að prenta.

7.mars, föstudagur

Hvernig fannst ykkur kynningin á verkefni þessu ganga?

Bara mjög vel

Yfir heildina lítið, hvernig fannst ykkur þetta verkefni um tónlistarstefnur?

Þetta var skemmtilegt verkefni og gaman að lora um allskonar tónlist

Skilaboð til kennaranema :

Þakka fyrir að gefa okkur svona skemmtilegt verkefni og gangi ykkur vel í kennaranáminu!
Þið eruð ódægir kennarar! (okkur)